

Ed.

662. Nefndarálit

[245. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1985 var lagt fram í janúarmánuði s. l. og var það grundvallað á lánsfjáráætlun sem afhent var á Alþingi í desember. Afgreiðsla fjárlaga hafði í för með sér að lánsfjárförf ríkissjóðs jókst umfram það sem lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir.

Í framsöguræðu fjármálaráðherra um frumvarpið kom meðal annars fram að fyrirhugaðar efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar mundu leiða til breytinga á frumvarpinu á seinni stigum. Jafnframt kom þar fram að tillögur ríkisstjórnarinnar yrðu kynntar fjárhags- og viðskiptanefnd sem fengi frumvarpið til umfjöllunar.

Nefndin hefur að undanfögnu fjallað um þessi mál og hafa henni borist margháttuð erindi og gögn. Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingartillögum sem hann flytur á sérstöku þingskjali. Minni hl. mun skila séráliti.

Við afgreiðslu fjárlaga 1985 hækkaði erlend lánsfjárförf ríkissjóðs um 302 m. kr., þar af hjá A-hluta um 295 m. kr. og B-hluta um 7 m. kr. Aukin lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs stafaði einkum af auknum rekstrarhalla. Lánsfjárförf B-hlutans stafaði af heimild Byggingarsjóðs rannsóknna í þágu atvinnuveganna til 5 m. kr. lántöku og Pósts og síma til 2 m. kr. viðbótarlántöku frá fyrri áætlunum. Þessar ráðstafanir fólu í sér að heildarfjáröflun var áformuð alls 10 170 m. kr. á árinu 1985, þar af var ráðgert að afla 2568 m. kr. innanlands og 7602 m. kr. með erlendum lántökum.

Viðbrögð stjórnvalda að undanfögnu hafa verið þau að takmarka beri erlendar lántökur þar sem því verður við komið með skynsamlegum hætti. Hagstæð afkoma ríkissjóðs á síðasta ári, auk áforma um hert skattaeftirlit og skattskil, eru talin gera kleift að lækka erlenda lántöku A-hluta ríkissjóðs um 750 m. kr. Jafnframt er lántaka Rafmagnsveitna ríkisins lækkuð um 6 m. kr. með samsvarandi lækkun í framkvæmdum. Þessi ráðstöfun felur í sér að erlend lántaka fyrirtækisins jafngildir endurgreiðslum af erlendum lánum þess, eða 169 m. kr. Þá eru lántökur Landsvirkjunar til framkvæmda lækkaðar um 316 m. kr. eða úr 1200 m. kr. í 884 m. kr. Sú ákvörðun felur í sér að framkvæmdum við 5. áfanga Kvíslaveitu er

frestað um óákveðinn tíma, auk þess er beitt eins miklum niðurskurði á framkvæmdum við Blöndu á þessu ári og unnt er án þess að útiloka að því markmiði verði náð að fyrsta vél virkjunarinnar verði komin í rekstur 1988 eins og núverandi verkáætlun gerir ráð fyrir. Lántöku Landsvirkjunar að fjárhæð alls 884 m. kr. er áætlað að ráðstafa þannig að 516 m. kr. renni til framkvæmda við Blönduvirkjun og 368 m. kr. til annarra framkvæmda. Að síðustu var ákveðið að takmarka erlendar lántökur atvinnufyrirtækja við 1500 m. kr. á árinu 1985 og er það 336 m. kr. lækkun frá fyrri áætlun. Reiknað er með að nýjar reglur og viðmiðanir um erlendar lántökur, sem m. a. fela í sér þrengri heimildir banka til ábyrgða, leiði til minni lántöku. Í þessari áætlun er ekki tekið mið af hugsanlegri aukningu vegna þess að einkaaðilum verði heimiluð erlend lántaka án sérstaks leyfis, enda komi hvorki til banka- eða ríkisábyrgðir.

Á hinn bóginn hefur reynst óhjákvæmilegt að gera nokkrar lagfæringar á fyrri áætlunum í ljósi nýrra upplýsinga. Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir einstökum breytingum.

Þar ber hæst viðbótarheimild Byggingarsjóðs ríkisins til 403 m. kr. erlendra lántöku á árinu 1985. Sú hækkun skýrist annars vegar af því að útlit er fyrir að innlend fjáröflun reynist um 215 m. kr. minni en áætlað var, þar af eru skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna 175 m. kr., og útlit er fyrir 40 m. kr. útstreymi á skyldusparnaði ungmenna. Hins vegar er gert ráð fyrir að sjóðurinn standi skil á viðskiptaskuldum sínum hjá Seðlabanka og ríkissjóði, alls 188 m. kr. frá fyrra ári, sem ekki var í fyrri áætlunum. Með þessu móti má ætla að fjáröflun til sjóðsins verði tryggð á árinu 1985. Varðandi lánveitingar sjóðsins er rétt að taka fram að tillaga meiri hl. gerir ráð fyrir að lánveitingar sjóðsins verði óbreyttar að krónutölu frá lánsfjáráætlun. Hins vegar felur tillagan í sér nokkra breytingu á samsetningu lánveitinga sjóðsins þar sem ákveðið hefur verið að ráðstafa um 200 m. kr. af þessu fé til lánveitinga fyrir húsbyggjendur í greiðsluferfiðleikum. Þessi ráðstöfun kemur óhjákvæmilega fram í minni lánveitingum sjóðsins til nýbygginga og kaupa á eldri íbúðum. Af þessu er ljóst að tryggja þarf breytta úthlutun lána úr sjóðnum eigi áætlunin að standast.

Bætt er við lántökum fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs, 62 m. kr., þar af 50 m. kr. til Sjóefnavinnslunnar og 12 m. kr. til grænfoodurverksmiðju í Skagafirði. Af lántöku Sjóefnavinnslunnar fara 36 m. kr. til að standa undir fjármagnskostnaði og um 14 m. kr. er áætlaður kostnaður vegna varðveislu og gæslu á mannvirkjum. Grænfoodurverksmiðju í Skagafirði er heimiluð 12 m. kr. lántaka til endurfjármögnunar lána og framkvæmda.

Lántaka Steinullarverksmiðju er hækkuð um 15 m. kr., eða úr 60 m. kr. í 75 m. kr. Í ljósi nýrra upplýsinga um framkvæmdir verksmiðjunnar er þessi hækkun nauðsynleg. Ekki þarf að leita heimildar til þessarar hækkunar í lánsfjárlögum þar sem hún er þegar til staðar í lögum um verksmiðjuna, nr. 61/1981.

Lántökur hitaveitna hækka alls um 166 m. kr. frá því sem lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir. Lántökuheimild Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar hækkar um 20 m. kr. vegna fjármagnskostnaðar. Auk þess er Hitaveitu Akureyrar heimiluð 140 m. kr. lántaka til skuldbreytinga og framkvæmda, en greiðslubyrði veitunnar af áhvílandi lánnum er mjög þung. Þá er Hitaveitu Siglufjarðar heimiluð 6 m. kr. lántaka vegna erfiðrar greiðslufjárstöðu.

Þar sem löggjöf um svonefnt þróunarfélag liggur ekki fyrir er talið rétt að fella niður 4. gr. frumvarpsins. Þess í stað er ráðgert að fela Framkvæmdasjóði að annast nauðsynlega lántöku í þessu skyni. Lántökuheimild Framkvæmdasjóðs samkvæmt 7. gr. er því hækkuð um 500 m. kr. eða úr 942 m. kr. í 1442 m. kr.

Bætt er við nýrri grein, er verður 9. gr., sem heimilar Útflutningslánasjóði 70 m. kr. erlenda lántöku á árinu 1985. Þessi lántökuheimild er ætluð til að gera sjóðnum kleift að standa undir fjárskuldbindingum sínum og verkefnum.

Í III. kafla frumvarpsins kemur ný grein er verður 26. gr. Nauðsynlegt er að afla viðbótarheimildar til erlendar lántöku vegna lánsfjárlaga 1984. Við framkvæmd lánsfjár-áætlunar 1984 reyndist óhjákvæmilegt að afla 367 m. kr. með erlendum lántökum þar sem innlend lánsfjáröflun reyndist mun minni en áætlað var. Hér er um að ræða 287 m. kr. erlenda lántöku Byggingarsjóðs ríkisins og 80 m. kr. erlenda lántöku Endurlána ríkissjóðs til að mæta innlausn eldri spariskírteina ríkissjóðs.

Að teknu tilliti til þeirra breytingartillagna sem nefndin leggur fram nema heildarlán-
tökur 9303 m. kr., þar af er innlend fjáröflun 2393 m. kr. og erlendar lántökur 6910 m. kr. Þessar tillögur fela í sér raunhæfara mat á innlenda lánsfjármarkaðnum en gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun. Á sama tíma hafa erlendar lántökur þjóðarbúsins verið lækkaðar um tæpar 400 m. kr. frá því sem fyrirhugað var í lánsfjáráætlun 1985.

Alþingi, 28. mars 1985.

Ey. Kon. Jónsson,
form., frsm.

Jón Kristjánsson.

Valdimar Indriðason.

Egill Jónsson.

Fylgiskjal I.

Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1985 (millj. kr.)

	Sala spari- skírteina	Verðbréfa- kaup bankanna	Lífeyris- sjóðir	Önnur innlend fjáröflun	Erlend lán	Heildar- lántökur
I Opinberir aðilar	400	—	—	380	3 295	4 075
Ríkissjóður, A-hluti	400	—	—	200	806	1 406
Ríkissjóður, B-hluti	—	—	—	180	1 109	1 289
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs ..	—	—	—	—	1 061	1 061
Sveitarfélög	—	—	—	—	319	319
II Húsbyggingarsjóðir	—	—	1 045	188	553	1 786
Byggingarsjóður ríkisins	—	—	700	188	553	1 441
Byggingarsjóður verkamanna	—	—	345	—	—	345
III Lánastofnanir	—	200	180	—	1 562	1 942
Framkvæmdasjóður	—	200	150	—	1 442	1 792
Iðnþróunarsjóður	—	—	—	—	50	50
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	—	30	—	—	30
Útflutningsláναςjóður	—	—	—	—	70	70
IV Atvinnufyrirtæki	—	—	—	—	1 500	1 500
Ósundurliðað	—	—	—	—	1 500	1 500
Heildarfjárbörf (I—IV)	400	200	1 225	568	6 910	9 303

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal II.

Lánsfjárförð opinberra aðila 1985 (millj. kr.)

	Lánsfjáráætlun 1985	Endurskoðun eftir afgr. fjárlaga 1985	Áætlun 1985
1. Ríkissjóður, A- og B-hluti	3 299	3 601	3 248
1.1 A-hluti	1 861	2 156	1 406
1.2 B-hluti	1 438	1 445	1 842
Byggðasjóður	120	120	120
Byggingarsjóður ríkisins	—	—	403
Byggingarsjóður ríkisins v/orkusparnaðar	150	150	150
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	—	5	5
Lánasjóður íslenskra námsmanna	340	340	340
RARÍK, almennar framkvæmdir	175	175	169
Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld	500	500	500
Orkusjóður, hitaveitulán	10	10	10
Orkusjóður, jarðhitaleit	10	10	10
Póstur og sími, sjálfvirkur sími	30 ¹⁾	32 ¹⁾	32 ¹⁾
Umferðarmiðstöð	3	3	3
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	100	100	100
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1 800	1 800	1 061
Landsvirkjun	1 200	1 200	884
Orkubú Vestfjarða, framkvæmdir	40	40	40
Steinullarverksmiðja	60 ²⁾	60 ²⁾	75 ²⁾
Sjóefnavinnsla á Reykjanesi	—	—	50
Grænfoldurverksmiðja í Skagafirði	—	—	12
Próunarfélag	500	500	0 ³⁾
3. Sveitarfélög	153	153	319
Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	65	65	85
Fjarhitun Vestmannaeyja	82	82	82
Hitaveita Akureyrar	—	—	140
Hitaveita Rangæinga	6	6	6
Hitaveita Siglufjarðar	—	—	6
4. Ráðstöfun (1+2+3) = Fjáröflun (5+6)	5 252	5 554	4 628
5. Innland fjáröflun	780	780	780
Útgáfa spariskírteina	400	400	400
Skuldbreyting Endurlána ríkissjóðs	180	180	180
Önnur fjáröflun	200	200	200
6. Erlend lán	4 472	4 774	3 848
Ríkissjóður, A- og B-hluti	2 519	2 821	2 468
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1 800	1 800	1 061
Sveitarfélög	153	153	319

¹⁾ Lántökuheimild er í lögum nr. 32/1981 um lagningu sjálfvirkis síma.

²⁾ Lántökuheimild er í lögum nr. 61/1981 um steinullarverksmiðju.

³⁾ Lántökuheimild að fjárhæð 500 m. kr. flyst á Framkvæmdasjóð.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal III.

Byggingarsjóður ríkisins 1985 (millj. kr.)

	Lánsfjár- áætlun 1985	Áætlun 1985
Innstreymi	2 497	2 685
Ríkissjóður	622	622
Skyldusparnaður, nettó	0	÷40
Lífeyrissjóðir	875	700
Sérstök fjáröflun	188	188
Afborganir, vextir, verðbætur	625	625
Tekjur tæknideildar	28	28
Erlend lán	150	553
Annað	9	9
Útstreymi	2 497	2 685
Rekstrarkostnaður	42	42
Afborganir, vextir, verðbætur	665	665
Endurgr. til Seðlabanka Íslands	—	150
Endurgr. til ríkissjóðs	—	38
Lánveitingar	1790	1790
Lánveitingar	1 790	1 790
Nýbyggingar	705	} 1 265
Eldri íbúðir	760	
Íbúðir/heimili aldraðra og dagvistarstofnanir	58	58
Viðbyggingar og endurbætur	90	90
Heilsuspillandi húsnæði	15	15
Einstaklingar með sérþarfir	12	12
Orkusparandi breytingar á húsnæði	150	150
Lán vegna greiðsluerfiðleika	0	200

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal IV.

RARIK, almennar framkvæmdir 1984 og 1985
(þús. kr.)

	Fjárlög 1984	Áætlun 1985
Stofnlínur	60 750	82 430
Prestbakki — Kirkjubæjarklaustur	—	2 540
Vogaskeið — Grundarfjörður	6 300	20 030
Sauðárkrókur — Hofsóss	340	—
Akureyri — Dalvík	26 240	33 030
Laxá — Kópasker	19 010	—
Stuðlar — Eskifjörður	3 170	—
Eskifjörður — Neskaupstaður	500	23 230
Eyvindará — Egilsstaðir	—	1 100
Aðveitustöð Stöðvarfjörður — Kirkjuból	—	1 500
Hólar — Höfn II	340	—
Athuganir, endurbætur o. fl.	1 500	1 000
Lúkning verka fyrra árs	3 350	—
Aðveitustöðvar	45 030	27 950
Prestbakki	—	13 750
Flúðir	3 430	—
Hella	6 640	—
Njarðvík	—	2 600
Ólafsvík	560	—
Skagaströnd	5 530	—
Eskifjörður	12 000	2 000
Lagarfoss	—	5 140
Stuðlar	4 000	—
Fáskrúðsfjörður	360	460
Teigarhorn	500	—
Hólar	1 510	—
Lúkning verka fyrra árs	3 350	—
Rafínusími og fjargæsla alls	7 150	4 000
Geymsluhús o. fl.	5 000	23 220
Innanbæjarkerfi	47 240	40 000
Vélar og tæki	10 000	5 000
Dísilstöðvar	6 980	400
Almennar framkvæmdir samtals	175 000	179 000
Fjármögnun framkvæmda	175 000	179 000
Heimtaugargjöld	7 000	10 000
Lántökur	168 000	169 000

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.